

Fundargerð 107. fundar stjórnar SSNV, 7. maí 2024

Þriðjudaginn 7. maí 2024, kom stjórn SSNV saman á Sauðárkróki. Hófst fundurinn kl. 9.00. Mætt voru: Einar E. Einarsson, Guðmundur Haukur Jakobsson, Magnús Magnússon, Halldór Gunnar Ólafsson, Álfhildur Leifsdóttir, og Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Kosning varaformanns stjórnar
2. Fundir stjórnar SSNV
3. Ný sóknaráætlun Norðurlands vestra
4. Yfirferð verkefna SSNV og staða
5. Auka framlag til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna umhverfistengdra verkefna 2024
6. Eimur og SSNV
7. Drög að samningi við markaðsstofu til kynningar
8. Starfsmannamál
9. Samþykktir SSNV og þingsköp
10. Framlögð mál til kynningar
 - a. Fundargerðir
 - b. Umsagnir
11. Skýrsla framkvæmdastjóra

Afgreiðslur:

- 1. Kosning varaformanns stjórnar**

Formaður stjórnar SSNV leggur til að varaformaður skuli vera Magnús Magnússon fulltrúi Húnaþings vestra. Tillaga samþykkt samhljóma.
- 2. Fundir stjórnar SSNV**

Vinnulag stjórnar og fyrirkomulag. Umræður um fundi stjórnar og mikilvægi þeirra. Formaður leggur til tíðari fundi stjórnar og fleiri staðfundi sem svo verður endurskoðað í haust. Stjórn samþykkir þá tillögu.
- 3. Ný sóknaráætlun Norðurlands vestra**

Framkvæmdastjóri kynnir framvindu verkefnis við gerð nýrrar sóknaráætlunar og stöðu þess. Verkefnahópur hefur verið stofnaður sem samsettur er af völdu starfsfólki SSNV og ráðgjöfum frá samskiptafélaginu Aton.JL. Verkefninu miðar vel. Ráðgjafar frá Aton.JL koma sem gestir til fundar og kynna skipulag. Stjórn þakkar gestum og framkvæmdastjóra góða yfirferð.
- 4. Yfirferð verkefna SSNV og staða**

Framkvæmdastjóri fer yfir helstu verkefni í áherslu til kynningar stjórnar. Gagnlegar umræður og stjórn velur málaflökk til að fjalla nánar um og felur framkvæmdastjóra að undirbúa fyrir næsta fund stjórnar.

5. Framlag til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna umhverfistengdra verkefna 2024

Landshlutasamtökin hafa fengið aukið framlag til sóknaráætlunar til verkefna sem varða hringrásarhagkerfis, orku- eða loftlagsmála. Málið er lagt fram til kynningar stjórnar. Framkvæmdastjóra er falið að vinna verkefnið áfram og koma með útfærslu til kynningar stjórnar á næsta fund, þar sem stjórn mun ræða betur sviðsmyndir, val á ráðgjafa og áherslur.

6. Eimur og SSNV

Framkvæmdastjóri fer yfir framvindu og stöðu verkefnins til kynningar stjórnar. Viðaukasamningur SSNV við Eim er samþykktur í stjórn Eims. Framkvæmdastjóri Eims mun í framhaldi funda með stjórn SSNV og kynna verkefnið formlega.

7. Drög að samningi við markaðsstofu til kynningar

Samningur við Markaðsstofu Norðurlands lagður fram til kynningar. Framkvæmdastjóra er falið að vinna samninginn áfram og leggja fram á næsta fundi til samþykktar.

8. Starfsmannamál

Yfirferð á ráðningarferli og stöðu. Framkvæmdastjóra er falið að ganga frá ráðningu samkvæmt umræðu.

9. Samþykktir SSNV og þingsköp

Yfirferð stjórnar um skipan í nefndir lagt fram til kynningar. Á ársþingi SSNV sem haldið var í Húnabyggð í apríl sl. benti formaður kjörnefndar á ákveðna ágalla við tilnefningu sveitarfélaga í stjórnir, ráð og nefndir á vegum samtakanna. Er hér vísað til 28. gr. laga númer 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynja. Stjórn er sammála um mikilvægi ábendingar formanns kjörnefndar og mun vinna málið áfram.

10. Framlögð mál til kynningar

a. Fundargerðir

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 19. apríl 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SSH, 22. apríl 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SSH, 8. apríl 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SASS, 15. apríl 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SASS, 5. apríl 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SSA, 16. apríl 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SSA, 22. mars 2024. [Fundargerðin.](#)

b. Umsagnir

[Frumvarp til laga um Lagareldi.](#) 930. mál. Umsagnarfrestur til 8. maí 2024.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda inn umsögn. Sjá umsögn [hér](#)

11. Skýrsla framkvæmdastjóra

Skýrsla framkvæmdastjóra flutt munnlega.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:10.
Einar E. Einarsson, Guðmundur Haukur Jakobsson, Magnús Magnússon, Álfhildur Leifsdóttir,
Halldór Gunnar Ólafsson, Katrín M. Guðjónsdóttir.